

6. 2402014 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Lögð fram bókun stjórnar SASS vegna heimavistar við Fjölbrautarskóla Suðurlands (FSu)

Á 606. fundi stjórnar SASS var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár.

Það markaði tímamót þegar samningar náðust um rekstur heimavistarinnar á haustdögum 2020 eftir nokkurra ára tímabil þar sem engin húsnæðisúrræði voru til staðar. Nýtingin á heimavistinni hefur verið mjög góð og það sætir því furðu að ríkið skuli ekki ganga frá samningum um áframhaldandi rekstur hennar þegar fyrir liggur að tilboð barst frá núverandi rekstraraðila.

Heimavist við skólann er lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi. Framkvæmdastjóra og stýrihópi er falið að fylgja erindinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur að öllu leyti undir bókun stjórnar SASS frá 2. febrúar 2024 og skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbrautarskóla Suðurlands verði eytt hið fyrsta. Mikill fjöldi nemenda í Skaftárhreppi hefur nýtt sér heimavistina frá því hún var endurvakin árið 2020 og allt útlit er fyrir að nemendum fjölgi enn frekar á næstu árum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps ítrekar að heimavist við skólann sé lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi.